HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindadeild

Eftirlætis mannætan mín

–Fjölmiðlar og heimsmeistaraeinvígi Fischers og Spasskys–

Ritgerð til B.A.–prófs

Már Ingólfur Másson

September 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindadeild

Sagnfræðiskor

Eftirlætis mannætan mín

–Fjölmiðlar og heimsmeistaraeinvígi Fischers og Spasskys–

Ritgerð til B.A.-prófs

Már Ingólfur Másson

Kt.: 070182–4249

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

September 2009

Ágrip

Í þessari ritgerð verður farið yfir gang heimsmeistaraeinvígisins í skák sem haldið var á Íslandi 1972. Áherslan verður á keppendurna tvo, Boris Spassky þáverandi heimsmeistara og áskorandann Bobby Fischer.

Einvígið var einn stærsti íþróttaviðburður ársins 1972 og ljóst að einvígi þar sem keppendurnir komu hvor frá sínu stórveldinu myndi vekja gífurlega eftirtekt og umtal. Persónugerð Fischers og möguleikinn á að hann gæti bundið enda á einokun sovéskra skákmanna á heimsmeistaratitlinum gerði einvígið enn meira spennandi og magnþrungnara.

Íslensk dagblöð eru í þungamiðju umfjöllunarinnar. Reynt verður að varpa ljósi á skoðanir dagblaðanna og hvort þau hafi fylgt fyrirfram ákveðnum flokkslínum þegar kom að einvíginu og keppendunum og hvort dagblöðin hafi haldið þeirri línu sem þau settu sér frá upphafi einvígisins og alveg til enda þess.Leitast verður við að greina umfjöllun blaðanna og hvernig hún þróaðist frá ársbyrjun 1972 og fram til loka einvígisins í byrjun september, það er hvort áþreifanlegar breytingar hafi orðið í tóni umfjöllunar og magni eða hvort haldið hafi verið í sama horfinu.

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1
2. Aðdragandi einvígisins 4
2.1. Óskalistar keppenda og fyrstu hnökrarnir 5
2.2. Einvíginu skipt 6
2.3. Lokaniðurstaðan Ísland 7
3. Kalt taugastríð 8
3.1. Tíðindalítið á vesturvígsstöðum. 9
3.2. Keppendurnir mæta vonandi 10
3.3. Slater kemur til bjargar 11
4. Loksins teflt 13
4.1. Gangur einvígisins 13
4.2. Gegnumlýst höll 15
4.3. Nýr heimsmeistari 16
5. Fischer og fjölmiðlarnir 17
5.1. Bobby Fischer í *Morgunblaðinu* 17
5.2. *Þjóðviljinn* í hart 19
5.3. Fischer og hlutlausari fjölmiðlarnir 21
6. Aukaleikari í einvíginu 23
6. 1. Spassky í *Morgunblaðinu* 23
6.2. *Þjóðviljinn* ljúfi 24
6.3. Spassky í öðrum blöðum 25
7. Samantekt og niðurstöður 27
Heimildir: 30

1. Inngangur

Árið 1972 var sviptingaár, ekki aðeins á sviði stjórnmála og alþjóðadeilna, Watergatemálið skók bandarísk stjórnmál, átök á Norður-Írlandi færðust í aukana auk þess sem Bandaríkin héldu uppi stöðugum sprengjuárásum í Víetnam, heldur líka á íþróttasviðinu en þar ber hæst ólympíuleikana í München og hryðjuverkaárás þar sem 11 ísraelskir íþróttamenn lágu í valnum.[1] Kalt stríð milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna var í algleymingi og þær íþróttagreinar þar sem Sovétmenn og Bandaríkjamenn leiddu saman hesta sína báru þess augljós merki.[2] Fyrsta stóra einvígi þessara tveggja þjóða á sviði íþrótta árið 1972 var þó á Íslandi, einvígi Bobby Fischer og Boris Spassky um heimsmeistaratitilinn í skák.

Skákeinvígi þeirra Fischers og Spasskys hefur að miklu leyti fallið í gleymskunnar dá á Íslandi hin síðustu ár.[3] Það var ekki fyrr en fréttir af frelsissviptingu Fischer[4] í Japan fóru að berast til Íslands að farið var að rifja upp kynni okkar Íslendinga af honum fyrir rúmum 30 árum. En Fischer og Spassky komu Íslandi í fréttirnar um allan heim á róstusömu ári.

Í fyrstu leit út fyrir að einvígið væri stór biti fyrir íslenska Skáksambandið að kyngja. Það þurfti 21 skák til að krýna Fischer heimsmeistara í skák en einvígið sjálft varð aukaatriði í taugastríði sem stóð milli nánast allra sem að einvíginu komu, keppenda, aðildarsambanda Alþjóðaskáksambandsins (FIDE), skipuleggjenda á Íslandi og kvikmyndatökumanna. Í öllum deilum var Fischer í aðalhlutverki.

Keppendurnir tveir Fischer og Spassky gátu í raun ekki verið ólíkari. Spassky var rólegur og yfirvegaður, kom fram af einstaklega mikilli háttprýði meðan Fischer var andstæða hans. Hann kom inn í skákheiminn með látum, sparaði ekki stóru orðin og sakaði FIDE um að vera hallt undir Sovétmenn. Hann var skrautlegur persónuleiki sem jók mjög áhuga umheimsins á skákeinvíginu og Íslandi. Einvígið var sett upp sem stórveldabarátta við skákborðið. Sovétmenn litu á upprisu Fischers sem ógnun við hið eina sanna skákheimsveldi sem hafði haldið heimsmeistaratitlinum frá því 1948. En skákmenn utan hins sovéska áhrifasvæðis eygðu möguleika á að yfirtaka skákíþróttina með Fischer sem kyndilbera nýrra tíma. Ísland

[1] Hryðjuverkasamtökin Svarti september, réðust inn í Ólympíuþorpið 5. september og tóku ísraelska íþróttamenn í gíslingu. Í átökunum létust 11 íþróttamenn. Sjá heimasíðu Ólympíuleikanna: http://www.olympic.org/uk/games/past/index_uk.asp?OLGT=1&OLGY=1972

[2] Sovétríkin unnu Bandaríkin í körfuknattleik í einum umdeildasta úrslitaleik í sögu Ólympíuleikanna. Sovétmenn unnu með körfu á lokasekúndu leiksins og kærðu Bandaríkjamenn úrslitin, en dómnefnd þar sem í voru þrjú austantjaldsríki dæmdu Sovétmönnum í hag. Sjá http://www.sportshistory.us/1972.html

[3] Til marks um það má nefna að einvígsborðið sem var mikil listasmíð og átti að setja á Þjóðminjasafnið er í geymslu útí bæ að sögn núverandi framkvæmdastjóra SSÍ Ásdísar Bragadóttir. Sjá *Morgunblaðið* 6. júní 2009, bls. 28.

[4] Sjá upptalningu á atburðarás þess á heimasíðu RJF hópsins. http://www.leit.is/servefir/RJF/

var ekki undanþegið þessari pólitísku undiröldu. Hér var komin til valda vinstri stjórn sem einsett hafði sér að Ísland yrði herlaust land og mikil vinstri bylgja var hér sem og annarsstaðar í Evrópu. Hún birtist hér í aukinni róttækni í háskólapólitíkinni, stofnun Sambands Herstöðvarandstæðinga og ýmissa vinstri samtaka.[5] Kaldastríðs átökin náðu líka á þessum tíma langt út fyrir hin venjubundnu þrætumál stjórnmálanna. Skákin eins og aðrar listir og íþróttir varð bitbein milli stórveldanna og árangur í íþróttum og listum, ef hægt er tala um árangur í listum, varð einn af mælikvörðunum á hæfni stjórnkerfisins.[6] Það er þó að sumu leyti misvísandi að setja einvígi þessara tveggja einstaklinga í kaldastríðssamhengi, Spassky var ekki meðlimur í Kommúnistaflokknum og raunar var hann yfirvöldum í Sovétríkjunum oft óþægur ljár í þúfu og sérlunduð hegðun Fischer var að margra mati óamerísk.[7]

Lítið hefur verið ritað um einvígið og umgjörð þess. Til marks um þetta eru bækur eins og *Fischer v. Spassky* eftir C.h.O´D. Alexander og *Fischer gegn Spassky* eftir Freystein Jóhannsson og Friðrik Ólafsson, en í þeim hefur aðallega verið fjallað um skákirnar sjálfar en lítið um það hvernig keppendurnir komu fyrir. Þó tekur bók Freysteins og Friðriks upp að vissu marki til þess sem gerðist að tjaldabaki og erfiðleika manna við að koma einvíginu á koppinn. Betri greinagerð um aðdraganda einvígisins og því sem gekk á meðan á einvíginu stóð er að finna í bók Guðmundar Daníelssonar *Skákeinvíg aldarinnar í réttu ljósi.* Þetta eru allt samtímabækur sem fjölluðu lítið um hið pólitíska landslag sem skóp einvígið. Sú hlið er hins vegar í forgrunni í nýlegri bók blaðamannanna David Edmonds og John Eidinow, *Bobby Fischer goes to war*. Þar er fjallað um andrúmsloftið í herbúðum beggja aðila bæði fyrir einvígið og á meðan því stóð og sérstaklega fjallað um hvernig Fischer beitti sálfræðihernaði gegn Spassky og reyndi að taka hann á taugum með sífellt nýjum kröfum og dyntum.

Auk þessara bóka eru helstu heimildirnar um einvígið íslensku dagblöðin. Þau skipa þungamiðju ritgerðarinnar, enda ekki til betri heimild um andrúmsloftið sem ríkti meðan á einvíginu stóð og hvernig Íslendingar upplifðu einvígið. Afstaða dagblaðanna til baráttu stórveldanna var skýr. *Þjóðviljinn* fór fremst í flokki herstöðvarandstæðinga og vinstri manna. *Morgunblaðið* hins vegar var flagskip hægrimanna og á öndverðum meiði við *Þjóðviljann* þegar það kom að herstöðinni í Keflavík. Til að skerpa á umfjölluninni verða til

[5] Leifur Reynisson: „Ímyndunaraflið til valda! Barátta ´68 kynslóðarinnar fyrir betri heim.“
[6] Mjög góð rannsókn á því hvernig kalda stríðið var háð á vígvöllum lista og menningar er bók Davids Caute, *The Dancer Defects*.
[7] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*. bls 270.

hliðsjónar helstu rannsóknir sem hafa verið gerðar á tíðarandanum á Íslandi á þessum árum og hvernig Kaldastríðsumræðan mótaðist.[8]

Meginefni ritgerðarinnar er umfjöllun dagblaða af undirbúningi skákeinvígisins og af einvíginu sjálfu. Reynt verður að leita svara við því hvernig fréttaflutningi þriggja stærstu blaðanna, þ.e. *Morgunblaðsins*, málgagni Sjálfstæðisflokksins, *Vísis, sem var hægra megin í pólitíkinni en nokkuð æsifréttalegt*, og *Þjóðviljans*, málgagni Alþýðubandalagsins var háttað? Fylgdu blöðin flokkslínum í umfjöllun sinn, og ef svo er, með hvaða hætti kom það fram? Þá verður einnig skoðað hvort ofangreindir fjölmiðlar hafi farið á móti flokkslínum og þá mögulegar skýringar á því skoðaðar.

Einnig verður vitnað til blaða Framsóknar- og Alþýðuflokksmanna, þ.e. *Tímans* og *Alþýðublaðsins* til að draga fram heilsteyptari mynd af fjölmiðlaumfjölluninni og til að sjá hvort þau lituðust af pólitískri orðræðu samtímans.

Ritgerðin skiptist í sex kafla auk inngangs. Annar kafli fjallar um aðdragandann að skákeinvíginu, þ.e. ákvörðun Skáksambandsins um að sækjast eftir því að fá að halda einvígið í Reykjavík, óskir keppenda í því sambandi og verðlaunafé. Í þriðja kafla verður greint frá umfjöllun fjölmiðla um undirbúninginn mánuðina fyrri einvígið. Flestum dálksentímetrum var varið í fréttir af deilum Fischers við skipuleggjendur og peningamál.

Fjórði kafli einblínir svo á einvígið sjálft, þær deilur sem upp risu til að mynda vegna kvikmyndatöku og mótmæla Fischers vegna hennar. Einnig verður tekin til umfjöllunar eina kvörtun Sovétmanna á meðan á einvíginu stóð.

Fimmti og sjötti kafli fjalla svo hvor um sig um keppendurna. Hvernig dagblöðin fjölluðu um þá og hvort hægt sé að greina fylgispekt blaðanna við þá.

Í sjöunda og síðasta kaflanum eru teknar saman niðurstöður og færð rök fyrir þeirri skoðun að blöðin hafi í raun skipast í greinilega flokkspólitíska dálka.

[8] Meðal annars hef ég hliðsjón af riti Vals Ingimundarsonar *Uppgjör við umheiminn* og Rósu Magnúsdóttur um menningarstríð stórveldanna.

2. Aðdragandi einvígisins

Óhætt er að segja að forystumenn Skáksambands Íslands hafi verið stórhuga þegar þeir á seinni helmingi ársins 1971 sendu FIDE tilboð um að skipuleggja einvígi milli ríkjandi heimsmeistara í skák, Spasskys, og áskorandans, Fischers. Það var ljóst að einvígið yrði ekki haldið í Sovétríkjunum eða Bandaríkjunum þar sem Fischer hafði lýst því yfir að hann myndi ekki tefla í Sovétríkjunum og nokkuð ljóst var að sovéska skáksambandið myndi ekki vilja tefla í Bandaríkjunum.[1]

Atburðarásin síðustu mánuði ársins 1971 var hröð. Þann 22. október sendi FIDE öllum aðildarfélögum sínum útboðsskilmála og svo breytingartillögur 2. nóvember þar sem skilafrestur var styttur til 1. janúar 1972. Freysteinn „Grettisfang“[2] Þorbergsson var sendur utan með tilboð Skáksambandsins 29. desember.[3] Tilboðið var rausnarlegt ef mið var tekið af fyrri einvígum. Upphaflega var ætlunin að bjóða 25.000 dollara í verðlaunafé, en þegar fréttir af undirbúningi hinna skáksambandanna bárust hækkaði upphæðin sem Íslendingar voru tilbúnir að borga frá 100.000–150.000 dollara. Verðlaunaféð var á endanum 125.000 dollarar sem var um 11 milljón krónur.[4] Fimmtán tilboð bárust FIDE og þær borgir sem komu til greina voru: Amsterdam, Aþena, Bogota, Belgrad, Brasilía, Buenos Aires, Chicago, Dortmund, Ljubliana/Bled, Montreal, París, Reykjavík, Sarajevo, Zagreb og Zürich. Íslenska tilboðið var þriðja hæst, Buenos Aires og Belgrad buðu hærra, 150.000 og 152.000 dollara, en Íslendingar voru einir um að bjóða hluta af tekjum sem hlytust af sjónvarps- og kvikmyndaumfjöllun eða 60%.[5] Það var strax ljóst að Buenos Aires væri úr leik þar sem síðasta einvígið í áskorendakeppni heimsmeistaraeinvígisins milli Fischers og Petrosjan fór þar fram og ljóst að Sovétmenn myndu ekki samþykkja að tefla þar. Reykjavík var við fyrstu sýn nokkuð líklegur mótsstaður ásamt þrem borgum í Júgóslavíu, Belgrad, Ljubliana og Sarajevo.

Forvígismenn skáksambandsins voru fremur bjartsýnir þegar fréttist hve háar fjárhæðir hin skáksamböndin vildu láta af hendi rakna. Guðmundur G. Þórarinsson sagði:

> Mér kæmi ekki á óvart þó Ísland hefði möguleika. Tilboðið er þannig samið að við erum inni í dæminu þó að tveir aðilar bjóði hærri verðlaun í krónutölu… þar að auki

[1] Freysteinn Jóhannsson: *Fischer gegn Spassky,* bls. 9.
[2] Grettisfang var nafn sem hann tók sér í dagblaðaskrifum og átti að lýsa átökunum sem hann hafði lent í við að tryggja það að einvígið yrði á Íslandi.
[3] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar,* bls. 21.
[4] Freysteinn Jóhannsson: *Fischer gegn Spassky,* bls. 10.
[5] *Vísir* 6 janúar 1972, bls. 1.

> hefur landfræðileg lega Íslands mikið að segja. Mörg af hinum löndunum eru hagstæðari keppnistaðir öðrum keppandanum en hinum.[6]

Bjartsýnin var því nokkur hjá Skáksambandinu áður en FIDE fór yfir tilboðin og kröfur Spasskys og Fischers voru skoðaðar.

2.1. Óskalistar keppenda og fyrstu hnökrarnir

Það var FIDE og keppendanna að finna stað sem allir sættust á, en ljóst var að það yrði erfitt vegna þess hve áherslur keppendanna voru ólíkar. Hentugt loftslag var í forgangi hjá Spassky en Fischer hugsaði um það eitt að sú borg sem biði best yrði fyrir valinu, það sem mestu máli skipti væri „money, money, money.“[7]

FIDE vildi að einvígið byrjaði um miðjan apríl[8] en Fischer hélt fast við þá kröfu hann ætti rétt á sex mánaða hvíld eftir áskorendaeinvígið við Petrosjan.[9] FIDE tók þó fram að lokaákvörðunarvald um tímasetningu væri í höndum keppenda. Þær tímasetningar sem nefndar voru til að byrja með voru í byrjun júní en Íslendingar voru ekki hrifnir af því að halda einvígið um hásumar og óttuðust að aðsókn yrði lítil þar sem Íslendingar myndu síður vilja eyða sumrinu í að horfa á skák.[10]

Þegar óskalistar keppenda voru birtir brá Íslendingum í brún. Spassky nefndi tvær borgir Reykjavík og Amsterdam sem sína fyrstu kosti og á eftir þeim Dortmund og París. Fischer valdi júgóslavnesku borgirnar Belgrad og Sarajevo, enda var hann hrifin af Júgóslavíu eftir að hafa keppt þar áður. Til vara voru Chicago, Buenos Aires og Montreal, borgir sem lítill möguleiki var á að Sovétmenn myndu samþykkja. Dr. Max Euwe, forseti FIDE sagði að hann teldi þetta eingöngu gert til að koma í veg fyrir að hægt væri að ákveða einvígisstaðinn.[11]

Dagblöðin voru þegar þarna var komið sögu ekki búin að taka afstöðu með eða á móti keppendum, þótt greina megi meiri spenning fyrir Fischer hjá *Morgunblaðinu* og *Vísi*, enda Fischer mun betra fjölmiðlaefni, ungur, myndarlegur og sérlundaður kani. Spassky var á hin bóginn fremur óspennandi sovéskur menntamaður, klassískt skólaður skákmaður. *Þjóðviljinn*, sem varð andsnúinn Fischer þegar nær dró einvíginu, lýsti honum í fyrstu heimsókn sinni til Íslands sem myndarlegum, strákslegum og mjög óstyrkum fyrir framan blaðamenn, en

[6] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 25.
[7] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*, bls. 124.
[8] *Morgunblaðið* 28. Janúar, bls. 11.
[9] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 21.
[10] *Morgunblaðið* 28. Janúar, bls. 11.
[11] *Morgunblaðið* 1. febrúar 1972, bls. 28 og 19.

einlægum.[12] Fischer mildaðist í afstöðu sinni gagnvart Íslandi í þessari heimsókn sinni til Íslands en var enn á því Belgrad væri hans fyrsti kostur.[13]

Það var dr. Euwe sem tók endanlega ákvörðun um staðsetningu einvígisins.

2.2. Einvíginu skipt

Salómonsdóm þurfti til að stöðva sandkassaleik Sovétmanna og Fischers. Þann 14. febrúar lýsti dr. Euwe því yfir að einvígið færi fram í Belgrad og Reykjavík,það er þær borgir sem voru efstar á óskalistum keppendanna. Einvígið hæfist í Belgrad þar sem fyrstu tólf skákirnar yrðu tefldar og því lokið í Reykjavík þar sem þær skákir sem uppá vantaði skyldu tefldar.[14] *Vísir*, *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið* og *Þjóðviljinn* greindu öll frá þessu í forsíðugreinum 15. febrúar. Í *Morgunblaðinu* var ítarlegt viðtal við Guðmund G. um skiptinguna og hvernig henni yrði háttað. Hugmynd dr. Euwe kom flatt upp á Guðmund sem sagðist standa í þeirri trú að samþykki allra fjögurra aðila þyrfti fyrir skiptingunni, það er Fischer, Spassky, Skáksambanda Íslands og Júgóslavíu.[15] Sovétmenn voru ekki sáttir og kvörtuðu við FIDE en fengu svar um hæl að dr. Euwe væri heimilt að skipta einvíginu á milli skáksambandanna.[16] Boðað var til fundar með skáksamböndunum í Amsterdam þar sem fulltrúar frá öllum fjórum samböndunum, íslenska, júgóslavneska, bandaríska og sovéska, mættu og sömdu að endingu um skiptingu einvígsins.[17]

Fischer var ekki allskostar sáttur við skiptinguna. Það voru peningamál sem hann var ósáttur við Hann sendi bréf til Skáksambands Íslands þar sem hann tók fram að, Ed Edmondson, framkvæmdastjóri bandaríska skáksambandsins hefði ekki umboð til að semja fyrir sig og því væri svokallaður „Amsterdamsáttmáli“ ógildur. Þá sæi hann sér ekki fært að tefla á Íslandi nema tryggt yrði að hann og Spassky fengju allan ágóða af einvíginu.[18] Skáksambandið gat ekki sæst á þetta og taldi Guðmundur G. að ef þetta yrði niðurstaða Fischers yrði að vísa honum frá keppni og úrskurða Spassky áfram heimsmeistara. Því var allt komið í hnút og ekki bætti úr skák að í Belgrad voru menn farnir að hafa áhyggjur af því að Fischer myndi ekki mæta.

[12] *Þjóðviljinn* 4. febrúar 1972, bls. 1.
[13] *Þjóðviljinn* 5. febrúar 1972, bls. 12.
[14] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 37.
[15] *Morgunblaðið* 15. febrúar 1972, bls. 1–2.
[16] *Þjóðviljinn* 20. febrúar 1972, bls. 1.
[17] *Þjóðviljinn* 21. mars 1972, bls. 1.
[18] *Þjóðviljinn* 23. mars 1972, bls. 1.

2.3. Lokaniðurstaðan Ísland

Það kom eins og þruma úr heiðskýru lofti þegar Fischer sendi skeyti til Skáksambands Júgóslavíu þar sem hann neitaði alfarið að tefla í Belgrad án þess að taka fram neinar ástæður. Blaðamenn *Morgunblaðsins* gerðu að því skóna að það væri sökum bólusóttar sem komið hafði upp í Júgóslavíu[19] en líklegra er að gróðavonir hans hafi ráðið mestu þar um.

31. mars dró Skáksamband Júgóslavíu til baka tilboð sitt um að halda einvígið nema að sett yrði fram 35.000 dollara trygging fyrir því að Fischer myndi standa við „Amsterdamsáttmálann“. Bandaríska skáksambandið svaraði því til að þeir ættu ekki peninga til að borga þessa tryggingu en myndu reyna að gera sitt besta til að fá aðra aðila til að borga fyrir þá.[20] Ekkert gekk í því að fá tryggingu fyrir Fischer og 12. apríl birtist frétt í *Morgunblaðinu* þess efnis að Skáksamband Júgóslavíu væri endanlega hætt við að halda einvígið vegna þess að ekki væri hægt að treysta á að Fischer mætti.[21] Ísland var eitt um hituna og ljóst að ef Guðmundur G. og félagar héldu vel á spöðunum væri möguleiki á að einvígið yrði á Íslandi og ekki annarsstaðar. Þeir höfnuðu tillögum dr. Euwe um að skipta einvíginu milli Reykjavíkur og Amsterdam[22] og lýstu sig færa til að halda einvígið á Íslandi og studdi skáksamband Sovétríkjanna þá tillögu.[23] Þann 3. maí var á síðum *Morgunblaðsins* og *Þjóðviljans* birt frétt þess efnis að forseti FIDE hefði gefið Spassky og Fischer úrslitakosti, einvígið yrði á Íslandi og ef annar hvor keppandinn gæti ekki sæst á það myndi hann tapa keppnisrétti sínum.[24]

Það var ljóst að einvígið yrði á Íslandi en stuttur tími var til undirbúnings enda ekki nema tveir mánuðir þar til einvígið ætti að hefjast og nóg átti eftir að karpa við keppendur og þá sérstaklega Fischer.

[19] *Morgunblaðið* 29. mars 1972, bls. 1.
[20] *Morgunblaðið* 7. apríl 1972, bls. 2.
[21] *Morgunblaðið* 12. apríl 1972, bls. 1–2.
[22] *Morgunblaðið* 16. apríl 1972, bls. 2.
[23] *Morgunblaðið* 29. apríl 1972, bls. 2 og 31.
[24] *Morgunblaðið* 3. maí 1972, bls. 32 og *Þjóðviljinn* 3. maí 1972, bls. 1.

3. Kalt taugastríð

Þótt búið væri að ákveða keppnisstað var deilum um fyrirkomulag skákeinvígisins hvergi nærri lokið. Fischer hélt áfram að koma með nýjar kröfur um bætta samninga og vildi endurskoða „Amsterdamsáttmálann“ en dr. Euwe þvertók fyrir að gerðir yrðu einhverjir hliðarsamningar eins og kom fram í símskeyti hans til Skáksambands Íslands 4. maí. Þar sagði hann að sín ákvörðun væri endanleg og Skáksamband Bandaríkjanna hefði engan rétt til aukasamninga á Íslandi.[1] Skáksamband Sovétríkjanna var á sama máli og sendi það *Þjóðviljanum* bréf 2. maí sem í stóð: „Takist FIDE að vernda skipuleggjendur fyrir hömlulausum kröfum áskoranda getur einvígið farið fram“.[2] FIDE gaf keppendum og viðkomandi skáksamböndum frest til 6. maí að samþykkja Ísland sem keppnisstað.[3] Sovéska Skáksambandið samþykkti að einvígið yrði á Íslandi og að það hæfist 2. júlí, sem var krafa frá Fischer.[4] Stuttu áður en tíminn rann út 6. maí sendi Fischer frá sér yfirlýsingu um að hann væri reiðubúinn til að tefla við Spassky á „Íslandi eða annarsstaðar í hinum frjálsa heimi – með þeim skilmálum sem Alþjóðaskáksambandið setti.“[5] Með þetta vilyrði Fischers var hægt að hefja undirbúningi einvígisins og dagblöðin gátu loks kastað af sér hlutleysisskikkjunni.

Í leiðara *Morgunblaðsins* 6. maí birtist fyrst greinilegur stuðningur blaðsins við Fischer og bandaríska skáksambandið. Þar kom fram að það væri hagur Íslands að tryggja að Fischer kæmi og menn yrðu að gera sér ljóst að hann væri ekki maður sem léti segja sér fyrir verkum. Ef hann yrði dæmdur úr leik myndi einvígið að öllum líkindum fara fram í Sovétríkjunum milli þarlendra skákmanna. Ritstjórn *Morgunblaðsins* ýjaði að því að Skáksamband Íslands væri ekki að vinna af heilum hug að einvíginu fyrst það vildi ekki sækja um frest fyrir lögmenn Fischers til að koma til landsins.[6] Þegar staðfest var að Fischer myndi tefla var eilítil ládeyða í fréttaumfjöllun. Flestallar deilur virtust úr sögunni en undir niðri kraumaði Fischer eins og eldfjall sem var við það að springa.

[1] Þráinn Guðmundsson: *Skáksamband Íslands í 70 ár*, bls. 111.
[2] *Þjóðviljinn* 3. maí 1972, bls. 1.
[3] Freysteinn Jóhannsson: *Fischer gegn Spassky*, bls. 19.
[4] *Morgunblaðið* 5. maí 1972, bls. 2.
[5] *Morgunblaðið* 7. maí. 1972, bls. 32.
[6] *Morgunblaðið* 6. maí. 1972, bls. 16.

3.1. Tíðindalítið á vesturvígsstöðum.

Maímánuður leið hjá án stórtíðinda ef frá eru talin skrif Freysteins „Grettisfangs“ Þorbergssonar um axarsköft Guðmundar G. og Skáksambandsins og hvernig Freysteinn bjargaði einvíginu margsinnis.[7] Ætla má að hinn almenni skákunnandi hafi andað léttar og farið að skipuleggja fríið með nokkurri ró þannig að hann gæti fylgst með sem flestum skákum. Fischer var ekki hættur sínum sálfræðihernaði og þótt rólegt hafi verið yfir honum nánast allan maí fór hann hamförum í viðtali við *Life* tímaritið, í lok mánaðarins, sem síðar birtist í íslenskri þýðingu í *Vísi*.[8] Í þessu viðtali kallaði hann Ísland „prímatívt“ land og ýjaði að því að Sovétmenn vildu tefla á Íslandi til að geta grafið einvígið ef Spassky tapaði. Fischer kvartaði undan aðstöðunni, það væri aðeins eitt almennilegt hótel í landinu sem hann þvertók fyrir að fara að deila með Sovétmönnum. Það kom á daginn að Fischer þurfti ekki að deila hóteli með Sovétmönnum eða neinum öðrum því hann fékk til afnota einbýlishús[9] og lúxussvítuna á Loftleiðahótelinu en Spassky hús í Garðabæ og svítu á Hótel Sögu. Framsetning *Vísis* á viðtalinu er skrautleg. Af myndunum að dæma er ekki um viðtal við skákmann að ræða heldur afburðaíþróttamann, hann er ber að ofan að stunda líkamsrækt, sem er skemmtileg andstæða við hina hefðbundnu ímynd skákmannsins. Hann er í raun settur fram sem nokkurskonar kyntákn fyrir skákina hjá *Vísi*.

Júní byrjaði líkt og maí. Fáar fréttir voru góðar fréttir. Guðmundur G. lauk samningum um kvikmyndun skákeinvígsins. Chester Fox, bandarískur kvikmyndaframleiðandi, fékk samninginn og hafði hann einkaleyfi á allri myndatöku af einvíginu. Skáksambandið setti einnig mjög stífar reglur um fréttaflutning. Mestu fjarðafoki olli sú ákvörðun þess að banna fréttamönnum að flytja fleiri en þrjár fréttir á dag af hverri skák. Mörgum fannst Skáksambandið vera að ritstýra fréttaumfjöllun og jukust mótmælin þegar fréttamönnum var bannað að taka ljósmyndir af skákeinvíginu. Stjórn Blaðamannafélags Íslands tók undir mótmæli erlendra blaðamanna en Skáksambandið benti á að það gæti ekki gefið fréttamönnum það sama og þeir höfðu selt Chester Fox dýrum dómi. Fréttamönnum var því skylt að kaupa ljósmyndirnar af Fox og þeir urðu að treysta á að Fischer myndi ekki sjá neitt athugavert við myndatökuna.[10] Þegar allt kom til alls gaf Skáksambandið út 50 fréttamannapassa og aðeins einn blaðamaður neitaði að samþykkja skilmálana.[11]

[7] *Vísir* 19. maí 1972, bls. 20 og *Morgunblaðið* 11. maí 1972, bls. 14.
[8] *Vísir* 29. maí 1972, bls. 1og *Vísir* 1. Júní 1972, bls. 8.
[9] Húsið sem hann fékk til afnota var aðalvinningur í happdrætti DAS.
[10] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 74–75.
[11] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 89 og *Morgunblaðið* 29. júní 1972, bls. 32.

3.2. Keppendurnir mæta vonandi

Tíðindaleysið var eins og logn á undan stormi því nú hófst biðin eftir Fischer. Spassky tilkynnti komu sína 21. júní og Fischer þann 25. júní.[12] Spassky lenti með vél Flugfélags Íslands á Keflavíkurflugvelli á settum tíma. Í viðtali við *Morgunblaðið* degi seinna lýsti hann því hve glaður hann væri með að vera kominn til Íslands sem hann teldi vera mjög heppilegan stað fyrir einvígið.[13]

Spassky var aðalfréttaefnið fyrstu dagana eftir að hann kom til Íslands. Dagblöðin sátu um hann en sú spurning sem var hvað mest áberandi snéri að áliti hans á Fischer. Spassky hafði áður lýst því yfir að honum væri hlýtt til áskorandans og sú tilfinning hefði ekkert breyst á undanförnum mánuðum.[14] Svör Spasskys við öllum spurningum blaðamannanna voru diplómatísk og í takt við ímynd hans, sem *Þjóðviljinn* lýsti sem „unglegum manni og furðu þolinmóðum gangvart ofstopa blaðamennskunnar.“[15]

Það styttist í einvígið og þrátt fyrir orð Spasskys um að hann væri skákmaður en ekki stjórnmálamaður[16] stoppaði það ekki meðlimi í Heimdalli, félagi ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, í að mótmæla komu hans, og um leið nota tækifærði til að mótmæla harðræðinu í Sovétríkjunum. *Þjóðviljinn* stökk til og gerði gys að því hve grunnhyggnir Heimdellingar væru, að mótmæla harðræði í Sovétríkjunum en þegja um Víetnamstríðið og hernaðarbrölt Bandaríkjamanna. *Þjóðviljinn* ýjaði einnig að því að með þessum mótmælum væru Heimdellingar að reyna að aðstoða Fischer við að vinna heimsmeistaratitilinn og taka Spassky á taugum.[17] Það kemur einnig fram í bók Edmonds og Eidinow, *Bobby Fischer goes to war*, að bæði aðrir skákmenn og yfirmenn íþróttamála í Sovétríkjunum litu á hann sem óbeislaðan mann sem erfitt var að stjórna og nánast „ókommúníska“[18], enda sagði hann í viðtölum við komuna til Íslands að hann væri ekki meðlimur í Kommúnistaflokkinum. Svo mótmæli beint gegn Kreml hafa varla haft mikil áhrif á Spassky.

Nú var beðið eftir Fischer. Samkvæmt *Þjóðviljanum* átti hann að koma klukkan sjö að morgni 26. júní,[19] en sá dagur kom og fór án þess að Fischer léti sjá sig. Næst var búist við honum 29. júní og fékk *Morgunblaðið* staðfest hjá starfsmanni Pan-American flugfélaginu að Fischer væri á farþegalistanum fyrir morgunflug til Íslands. Fréttamenn flykktust suður til

[12] *Morgunblaðið* 20. júní 1972, bls. 2.
[13] *Morgunblaðið* 22. júní 1972, bls. 3.
[14] *Morgunblaðið* 27. júní 1972, bls. 15.
[15] *Þjóðviljinn* 22. júní 1972, bls. 1 og bls. 15
[16] *Morgunblaðið* 22. júní 1972, bls. 3.
[17] *Þjóðviljinn* 23. júní 1972, bls. 1.
[18] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*, bls. 69 og 108.
[19] *Þjóðvilinn* 25. júní 1972, bls. 1.

Keflavíkur til að taka á móti honum en hann lét ekki sjá sig. *Morgunblaðið* sagði næsta dag að: „Sjaldan eða aldrei hafi jafnmargir fréttamenn, íslenzkir sem erlendir, beðið til einskis í einu á Keflavíkurflugvelli…“.[20] Fréttamennirnir biðu á flugvellinum meðan hver flugvélin á fætur annarri kom til landsins og ekkert bólaði á áskorandanum. Larry Evans skákmeistari sem kom með einni af flugvélunum til Íslands sagði við *Morgunblaðið* að hann héldi að þessi biðleikur Fischers væri aðeins hluti af sálfræðistríði hans við Spassky og ætlaður til að taka Spassky á taugum. Jafnframt kvaðst hann viss um að Fischer kæmi til landsins. Aðrir töldu nokkuð öruggt að Fischer kæmi á föstudeginum 30. júní því hann ferðaðist ekki á laugardögum af trúarástæðum.[21] Á sama tíma greindi *Þjóðviljinn* frá því að sá orðrómur færi um Reykjavík eins og eldur í sinu um að Fischer væri kominn en hefði farið huldu höfði til að fá frið en það var að sjálfsögðu bara orðrómur.[22]

Morgunblaðið og *Vísir* birtu þann 30. júní fréttir af nýjum kröfum Fischers.[23] Þeir höfðu eftir AP fréttastofunni að Fischer færi fram á 30% af aðgangseyrinum og neitaði að koma nema fallist yrði á þessa kröfu.[24] Dr. Euwe svaraði því að ef hann ætlaði sér ekki að standa við gerða samninga gæti hann fyrirgert rétti sínum um að keppa um heimsmeistaratitilinn fyrir fullt og allt.[25] *Vísir* ræddi við Freystein „Grettisfang“ sem sagði að Fischer gæti verið að hefna sín á Skáksambandi Íslands og sérstaklega Guðmundi G. vegna yfirlýsinga hans.[26]

Fréttir bárust af því að Fischer hefði sést á flugvellinum í New York og staðfest var að hann hefði komið á völlinn nokkrum sinnum. Einhver bölvun virtist vera á ferð Fischers því ekkert virtist ganga eins og hann vildi. Í eitt skiptið var farangur Fischers settur um borð í Loftleiðavél án þess að hann væri á staðnum þar sem hann hefði farið inn í fríhöfnina að kaupa sér vekjaraklukku.[27]

3.3. Slater kemur til bjargar

Það kom á daginn að þær kröfur sem *Morgunblaðið* og *Vísir* greindu frá um 30% af aðgangs-eyrinum stoppuðu Fischer. Skáksambandinu var ekki haggað með að „Amsterdamsáttmálinn“ myndi standa. Ljóst var að Fischer myndi ekki mæta nema gengið yrði að kröfum hans og því allt komið í hnút. Fischer mætti ekki tímanlega fyrir setningarathöfnina sem fór fram í

[20] *Morgunblaðið* 30. júní 1972, bls. 3.
[21] *Morgunblaðið* 30. júní 1972, bls. 3.
[22] *Þjóðviljinn* 30. júní 1972, bls. 1.
[23] *Morgunblaðið* 30. júní 1972 bls. 32 og Vísir 30. júní 1972, bls. 20.
[24] C.H.O´D Alexander: Fischer V. Spassky, bls. 77.
[25] *Vísir* 30. júní 1972, bls. 20.
[26] *Vísir* 1. júlí 1972, bls. 1.
[27] *Morgunblaðið* 1. júlí 1972, bls. 3.

Þjóðleikhúsinu. Hann virtist vera að mála sig út í horn og við það að vera dæmdur úr leik. Dr. Euwe sagði á blaðamannafundi 2. júlí að Fischer fengi frest til þriðjudags og ef hann væri ekki kominn til Íslands á hádegi myndi hann vera dæmdur úr leik og Petrosjan taka sæti hans. Óvíst var einnig hvort einvígi Spassky og Petrosjan yrði haldið á Íslandi.

Nú barst hjálp úr óvæntri átt. Breskur auðjöfur Jim Slater kom fram fyrir skjöldu með tilboð. Hann jafnaði verðlaunafé Skáksambandsins og sendi með því skilaboð til Fischers um að ef hann væri óhræddur við að mæta Spassky væri búið að ryðja peningadeilum úr veginum. Fischer svaraði um hæl að tilboðið væri „ótrúlegt, höfðinglegt og hreystilegt.“[28] Allt í einu virtist sem rofað hefði til í einvígismálinu. Klukkan sjö þriðjudaginn 4. júlí lenti Fischer loks í Keflavík.[29]

Þegar draga átti um hvor ætti að byrja með hvítt sendi Spassky frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann hefði aldrei fallist á að einvíginu yrði frestað um tvo daga og sakaði Dr. Euwe um að hafa lagt sér orð í munn. Spassky krafðist þess að Euwe og Fischer myndu biðjast afsökunar á hegðun sinni. Sovéska skáksambandið ávítti þá og sakaði Fischer um fjárkúgun og dr. Euwe um gróf brot á keppnisreglum FIDE. Sovétmenn fóru fram á að fyrsta skákin yrði dæmdi Spassky í vil. Spassky sjálfur tók ekki svo djúpt í árinni en krafðist þess að Fischer yrði ávíttur af FIDE.[30] Dr. Euwe bar fram sína afsökunarbeiðni bæði munnlega og skriflega á blaðamannafundi með Sovétmönnum. Á fundinum var líka lesin upp afsökunarbeiðni Fischers. Nú gátu þeir loks sest að skákborðinu en skákin yrði þó enn um sinn í aukahlutverki.

[28] *Morgunblaðið* 4. júlí 1972, bls. 1 og bls. 3.
[29] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls.107.
[30] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 120.

4. Loksins teflt

Um 200 manns voru samankomnir í Laugardalshöllinni þegar Spassky og Fischer drógu um það hvor þeirra ætti að byrja með hvítt. Spassky þurfti að bíða í 30 mínútur eftir að Fischer kæmi í salinn og sagði *Morgunblaðið* að þungu fargi hefði verið létt af þeim 200 manna hópi sem kominn var til að fylgjast með drættinum.[1] Fischer dró svart og því byrjaði heimsmeistarinn með hvítt. Einnig kom það fram að fyrsta skákin færi fram þriðjudaginn 11. júlí.

Spassky og Fischer höfðu nú nokkra daga til að ljúka undirbúningi. Spassky notaði þessa daga og fór í Flókadalsá í laxveiði og á sveitaball í Borgarfirði en Fischer lagði fram kvartanir og beiðnir um endurbætur á keppnissalnum, lýsingu, taflborðinu, staðsetningu kvikmyndavélanna og stólunum sem voru til reiðu fyrir hann. Hann gat valið milli tæplega 20 stóla en vildi ekkert annað en stólinn sem hann tefldi í gegn Petrosjan í Argentínu og fékk Skáksambandið samskonar stól sendan frá New York. Hann var ósáttur við lýsinguna þrátt fyrir að hún væri löguð að hans óskum. Reitirnir á borðinu voru of stórir og turnarnir tveir sem hýsa áttu kvikmyndatökuvélarnar of nálægt sviðinu.[2] Kvartanir Fischers snéru þó allar að því að bæta aðstöðu bæði hans og Spassky. Kröfur Fischers voru farnar að fara fyrir brjóstið á *Þjóðviljanum* sem gerði óspart grín af honum og sagðist hafa það fyrir satt að Fischer vildi láta Skáksambandið halda sveitaball fyrir sig fyrst Spassky fékk ball, banna fólki að taka í nefið í Laugardalshöllinni og umfram allt vildi hann færa Esjuna lengra frá Laugardalshöllinni því þessi grjótmassi hefði þrúgandi áhrif á hann.[3] *Vísir* var líka búinn að fá nóg af kröfum Fischers og birti frétt frá AP sem gagnrýndi Fischer harðlega og sakaði hann um prímadonnustæla af verstu sort og sögðu hann hafa heimtað allt nema hlutdeild í þorskkvóta Íslendinga.[4]

4.1. Gangur einvígisins

Þrátt fyrir þessar auknu kröfur Fischers hófst einvígið 11. júlí. Spassky vann fyrstu skákina örugglega. Dagblöðin héldu sig við flokkslínur og forsíðufrétt *Þjóðviljans* var öruggur sigur

[1] *Morgunblaðið*. 7. júlí 1972, bls. 1.
[2] *Morgunblaðið*. 11. júlí 1972, bls. 10.
[3] *Þjóðvilinn*. 13. júli. 1972, bls. 5.
[4] *Vísir* 14. júlí 1972, bls. 16.

Spasskys[5] en hjá *Morgunblaðinu* var titilgreinin „Mér þykir þetta leitt en þetta mun lagast," en það sagði Fischer við gamlan kunningja sinn eftir tapið.[6] Fyrsta skákin gekk vel en áhorfendur voru grunlausir um að Fischer hefði borið fram kvörtun vegna kvikmyndatöku þegar hann hvarf af sviðinu.

Fimmtudaginn 13. júlí átti önnur skákin að fara fram. Boris Spassky mætti á réttum tíma en ekkert bólaði á Fischer þegar Lothar Schmid yfirdómari setti skákklukkuna af stað. Klukkutími leið án þess að Fischer mætti. Schmid gekk því fram á sviðið og lýsti því yfir að Fischer væri búinn að tapa skákinni og staðan orðin tveir vinningar Spasskys gegn engum. Spassky var að vonum svekktur yfir þessum úrslitum og sagði niðurstöðuna hörmulega. Schmid tók það fram að Fischer hefði aðeins tapað þessari einu skák en ekki öllu einvíginu. Tilkynning kom frá mönnum Fischers um að borin yrðu fram formleg skrifleg mótmæli við því að skákin hefði farið fram því Fischer hefði neitað að spila nema kvikmyndatökuvélarnar væru fjarlægðar.[7]

Einvígið var aftur komið í hnút og núna dugði ekki að fá breskan auðkýfing til að bjarga málunum. Fischer var harður á því að leyfa ekki kvikmyndatöku í salnum og sagði að hávaðinn frá vélunum og kvikmyndatökumönnunum truflaði einbeitingu sína. Menn voru því svartsýnir á framhald einvígisins. *Morgunblaðið* birti hluta úr leiðara *New York Times* sem sagði að „vonir manna eru orðnar að ösku og Fischer er brennuvargurinn."[8] Fischer taldi sig ekki bera ábyrgð á þessu fremur en öðru sem gekk á í einvíginu og skrifaði harðort bréf til Schmid dómara sem birtist í *Morgunblaðinu*. Þar gagnrýndi hann harðlega vinnubrögð Skáksambandsins og sagði það eina ósýnilega í öllum kvikmyndatökusamningum hafi verið réttsýni Skáksambands Íslands.[9] Enn var róinn lífróður til að bjarga einvíginu. Laugardalshöllin var hljóðmæld með ýmist slökkt eða kveikt á kvikmyndatökuvélunum en engin munur heyrðist á desíbilamælinum. Þá ætlaði Fred Cramer einn af aðstoðarmönnum Fischers að það væri vitneskjan um að vélarnar væru í gangi sem truflaði Fischer en ekki en hávaðinn frá þeim.[10] Þegar ekkert virtist þokast í samkomulagsátt fór að kvisast út orðrómur um að Fischer væri með bókað flugfar heim til Ameríku. Orðrómurinn varð sífellt háværari og voru fréttamenn með rellur tilbúnar til flugtaks ef ske kynni að Fischer færi til Keflavíkur með flugvél.[11]

[5] *Þjóðviljinn* 13. júlí 1972, bls. 1.
[6] *Morgunblaðið* 13. júlí 1972, bls. 32.
[7] *Morgunblaðið* 14. júlí 1972, bls. 3.
[8] *Morgunblaðið* 16. júlí 1972, bls. 1.
[9] *Morgunblaðið* 15. júlí 1972, bls. 3.
[10] *Morgunblaðið* 15. júlí 1972 bls. 21.
[11] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 188.

Víst er að Fischer vissi það að honum yrði af öllu verðlaunafé ef hann kláraði ekki einvígið svo honum hefur örugglega verið mjög umhugað um að halda áfram. Lothar Schmid dómari átti einn leik í stöðunni sem mögulega gat sætt báða keppendurnar á að mæta til leiks í þriðju skákina, en það var að tefla í bakherbergi keppnissalarins, en það var enn ein af kröfum Fischers fyrir því að koma til leiks.[12] Spassky samþykkti að leika í bakherberginu í þetta eina skipti. Því varð það úr að um það bil 2000 manna áhorfendaskarinn sem mætti í Laugardalshöllina horfði á skákina af tjaldi. Fischer vann skákina örugglega. Hann tók völdin í sínar hendur og braut skipulega niður Spassky sem gaf svo skákina áður en biðskákin byrjaði.[13] Hvort það hafi verið lokaða herbergið sem gerði það að verkum að Fischer tefldi svona vel er ekki gott að segja en sovéska keppnisliðið þvertók fyrir að teflt yrði aftur í lokuðum sal og ef sú yrði raunin væri einvígið „út um þúfur.“[14]

Þau deilumál sem stóðu út af borðinu eftir að þriðju skákinni lauk snéru að því hvort Fischer myndi leyfa Fox að taka upp eitthvað af einvíginu. Fox að taldi það að sjálfsögðu vera hagsmunamál númer eitt að einvígið yrði kvikmyndað en Skáksamband Íslands var á öðru máli og þeirra aðaláhyggjuefni var að ná að klára einvígið.[15] Það eina sem þótti tíðindum sæta voru viðbrögð Fischers þegar hann komst að því að 8. skákin hefði verið tekin upp að honum forspurðum.[16] Honum rann þó reiðin fljótlega og einvígið hélt áfram. Fox var þó ekki búinn að gefast upp í kvikmyndatökumálinu og kærði Fischer fyrir samningsbrot og vildi fá 160 milljónir í skaðabætur. Þetta var slæmt fyrir Skáksambandið en Guðmundur G. var orðin vel sjóaður í að leysa deilur. Hann lýsti því yfir að Skáksambandið hefði afsalað sér réttinum á 20% af hagnaði kvikmyndatökunnar gegn því að ekki yrði höfðað mál gegn Fischer á Íslandi. Fox féllst á þetta og málinu var endanlega afstýrt. Á meðan þessu stóð var Fischer kominn í ham við taflborðið og stefndi hraðbyri að heimsmeistaratitlinum.

4.2. Gegnumlýst höll

Á meðan 16. skákin var tefld gekk Efrim Geller, einn af aðstoðarmönnum Spasskys, um og afhenti blaðamönnum bréf þar sem fram komu hreint út sagt stórkostlegar ásakanir á hendur Fischer. Sovétmenn sökuðu Fischer um sálfræðihernað gegn Spassky með óstundvísi og dónaskap en alvarlegasta ásökunin var þó sú að Fischer og bandaríska liðið væru með aðstoð

[12] *Vísir* 17. júlí 1972, bls. 1.
[13] *Þjóðvilinn* 18. júlí 1972, bls. 3.
[14] *Vísir* 17. júlí 1972, bls. 1.
[15] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 194.
[16] *Morgunblaðið* 29. júlí 1972, bls. 32.

rafeindatækni eða einhverskonar efnum að draga úr baráttuþreki Spasskys.[17] Þessar ásakanir hljóma eins og úr James Bond mynd eru hlægilega fjarstæðukenndar en rök Gellers voru þau að mjög grunsamlegt væri að Fischer heimtaði að sitja alltaf í sínum stól þótt báðir stólarnir væru nákvæmlega eins og frá sama framleiðanda, einnig vildi hann meina að grunsamlegt væri að Fischer sem benti á að Sovétmenn ætluðu að grafa einvígið á Íslandi hefði neitað að tefla fyrir framan myndavélar og í þokkabót óskað eftir því að tefla í lokuðu bakherbergi. Geller taldi ljósin líka vera grunsamleg þar sem þau væru gerð eftir hinum ýtrustu kröfum Fischers. Dómnefnd einvígsins með Lothar Schmid í forsvari fékk vísindamenn og „sérfræðinga í ýmsum tæknimálum“ til að mæla allt milli himins og jarðar. *Morgunblaðið* greindi frá því að um væri að ræða eðlisfræðinga, ljóstæknifræðinga, efnafræðinga og jafnvel var verið að reyna að útvega „draugfróða menn ef vera kynni að einhver landsfjórðungs móri hefði laumast inn í Laugardalshöllina.“[18] *Morgunblaðið* tók þessum ásökunum létt og greindi frá því að það eina sem fannst hefðu verið tvær dauðar flugur í ljósabúnaðinum.[19] Auk þessara tveggja flugna í ljósunum kom svo í ljós við röntgenmyndatöku að í stól Spasskys var einhverskonar svört klessa. Stóllinn var tekinn í sundur og í ljós kom að þessi klessa var aðeins viðarkítti í krossviðarplötu sessunnar.[20]

4.3. Nýr heimsmeistari

Eftir gegnumlýsingardramað var allur vindur úr Spassky. Þeir tefldu fimm skákir til viðbótar, fyrstu fjórar skákirnar enduðu með jafntefli en fimmtu skákina gaf Spassky eftir bið og þannig náði Fischer nægum fjölda vinninga til að vera krýndur heimsmeistari í skák. Hann hlaut 12 ½ vinning gegn 8 ½. Þessar fimm síðustu skákir voru ekki spennandi og sama er hægt að segja um umfjöllun um einvígið. Eftir gegnumlýsinguna var ekki aðeins allur vindur úr heimsmeistaranum fyrrverandi heldur drógu dagblöðin smátt og smátt úr umfjöllun, sérstaklega þau sem voru hliðhollari Spassky. En þótt Fischer hafi unnið baráttuna um heimsmeistaratitilinn örugglega, þá er ekki hægt að segja það sama um baráttuna um almenning og fjölmiðlana.

[17] *Morgunblaðið* 23. ágúst 1972, bls. 28.
[18] *Morgunblaðið* 24. ágúst 1972, bls. 32.
[19] *Morgunblaðið* 25. ágúst 1972, bls. 32.
[20] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 262.

5. Fischer og fjölmiðlarnir

Keppendurnir voru á milli tanna almennings frá því í janúarbyrjun 1972. Umfjöllun um þá var vegleg í aðdraganda einvígisins og er einkar fróðlegt að skoða hvernig dagblöðin fjölluðu um þá Fischer og Spassky. Eins og komið hefur fram voru dagblöðin undirlögð af fréttum um allt tengt einvíginu, hvort sem það voru fréttir af undirbúningi, kröfum eða lífi keppendanna eða af því sem Skáksamband Íslands var að bardúsa. Dagblöðin voru ekki öll hlutlaus þegar kom að keppendunum. Sum tóku skýra afstöðu með öðrum hvorum keppandanum meðan önnur reyndu að viðhalda hlutleysi sínu. Það er líka vert að taka fram að dagblöðin sátu nánast ein að kjötkötlunum lungann úr einvíginu því Ríkissjónvarpið var í sumarfríi allan júlí mánuð og missti því af mesta hasarnum. Þá þarf einnig að taka það með í reikninginn að árið 1972 var á Íslandi vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokksins, en með Framsókn í stjórn voru Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Alþýðubandalagið.[1] Hið pólitíska landslag sem var á Íslandi hafði vissulega áhrif á umfjöllunina um einvígið en einvígið sjálft reis þó að vissu leyti upp fyrir hinar venjubundnu pólitísku deilur. En byrjum á *Morgunblaðinu* og umfjöllun þess um Fischer.

5.1. Bobby Fischer í *Morgunblaðinu*

He studied all day
And played all night.
But he wouldn´t play a match
Unless things were just right.[2]

Þetta er textabútur úr lagi sem Joe Glazer samdi um Fischer nokkuð fyrir einvígið. Þessi stutti bútur lýsir honum mjög vel, engar málamiðlanir.

Óhætt er að segja að hegðun Bobby Fischer í öllum aðdraganda að einvíginu og peningadeilur hans hafi ekki aukið vinsældir hans meðal hins almenna Íslendings. Hann var fyrsta alþjóðlega skákstjarnan. Vegna velgengni hans var skák ekki lengur áhugamál mennta- og fyrirmanna, heldur vinsæl íþrótt.

Þótt Fischer gerði skák vinsæla jók það ekki vinsældir hans. Hann var mjög umdeildur eins og komið hefur fram en hann stóð fast á sínum kröfum. Dagblöðin á Íslandi skiptust

[1] Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öldinni*, bls. 533.
[2] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*, bls. 229.

mjög í skoðunum sínum á honum og framkomu hans. Í bók Edmonds og Eidinow er minnst á ummæli Fischers um að hann hafði ætlað að „teach those Icelandic creeps a lesson“ eða kenna íslensku andskotum lexíu.[3] Þann 4. júlí spurði *Vísir* í spurningu dagsins: „Hvað finnst yður um hegðun Bobby´s Fischer?“ Allir viðmælendur 12 talsins vor á því að hegðun Fischers væri honum til skammar og skáklistinni til trafala og tóku nokkrir það djúpt í árinni að Fischer þyrfti á geðrannsókn að halda.[4] Greinilegt var að Fischer hafði ekki unnið hjörtu íslensks almennings með hegðun sinni en blöðin tóku ekki jafn klára stöðu gegn honum. *Morgunblaðið* sem blaða mest fjallaði um einvígið barðist í horni bandaríska stórmeistarans. Eins og áður hefur komið fram kom afstaða *Morgunblaðsins* greinilega í ljós í leiðara blaðsins 6. maí. Þar var leiðarahöfundi tíðrætt um að þrátt fyrir sérstakar kröfur hans og þrjósku mættu íslensku skipuleggjendurnir ekki styggja hann. *Morgunblaðið* gagnrýndi Guðmund G. nokkuð harkalega í leiðaranum fyrir að verða ekki við beiðnum lögfræðinga Fischers og þannig stefna einvíginu í hættu. Gagnrýnin á Guðmund G. mátti skilja sem skot á vinstri stjórnina því hann var frammámaður í Framsóknarflokkinum og kunningi Ólafs Jóhannessonar forsætisráðherra.[5]. Þrátt fyrir óútreiknanlega hegðun Fischers í aðdragandanum dró *Morgunblaðið* lítið úr stuðningnum. Þeir gagnrýndu hann lítið sem ekkert fyrir kröfurnar sem hann setti fram, því að þeirra mati voru þær allar skáklistinni og einvíginu til framdráttar. Að einvíginu loknu bar svo við sérstökum tón hjá *Morgunblaðinu*. Þar kom í fyrsta sinn fram skoðun þeirra á pólitísku gildi einvígisins, í leiðara blaðsins 2. september sagði.

> Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að blanda heimsstjórnmálum inn í þetta einvígi. Slíkar tilraunir eru fávíslegar með sama hæti og það er fráleitt að túlka ósigur Boris Spasskys sem einhverskonar áfall fyrir sovézka menningu.[6]

Daginn eftir einvígið tók *Morgunblaðið* sem sagt af allan vafa um það hvort einvígið væri í raun pólitískt. Það gerir stuðning þess við Fischer fremur torskilinn, því ekki heillaði hann fólk við fyrstu kynni.

Þær innsendu greinar sem birtust í *Morgunblaðinu* voru einnig hliðhollar Fischer, til að mynda sakar einn greinarhöfundurinn Schimd yfirdómara um að vera hallur undir Spassky. Í þeirri grein var líka komið inn á gagnrýni annarra blaða á Fischer og fannst greinarhöfundi greinilega ómaklega vegið að góðum dreng.[7] *Morgunblaðið* lagði sig fram um að sýna

[3] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*, bls. 194.
[4] *Vísir* 4. Júlí 1972, bls. 2.
[5] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 20.
[6] *Morgunblaðið* 2. september 1972, bls. 14.
[7] *Morgunblaðið* 22. júlí 1972, bls. 5

Fischer sem venjulegan ungan mann sem hafði gaman af því sama og aðrir ungir menn, hvort sem það voru íþróttir eða skemmtanir. *Morgunblaðið* minnist meðal annars á að sést hafi til Fischers í samkvæmi á vegum Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og að hann hafi verið í „ofsa stuði.“[8]

Auk þess að vera eina blaðið sem var virkilega hliðhollt Fischer fjallaði *Morgunblaðið* blaða mest um einvígið sjálft og gang þess. Blaðið virtist eiga mjög greiðan aðgang að þeim sérfræðingum og stórmeisturum sem voru á svæðinu og fjölluðu mjög ítarlega um hverja skák.[9] Það er hugsanlega hægt að færa rök fyrir því að stuðningur *Morgunblaðsins* og ítarleg umfjöllun um einvígið og Fischer hafi gert mikið til að bæta ímynd hans á Íslandi eftir því sem leið á einvígið.

Þjóðviljinn var það blað sem kom næst *Morgunblaðinu* í umfjöllun um einvígið. Skoðanir *Þjóðviljans* á Fischer sveifluðust töluvert. Í fyrstu voru Þjóðviljamenn nokkuð hrifnir af bandaríska stórmeistaranum. Hann kom fyrir sem kurteis, myndarlegur en strákslegur í fyrstu heimsókn sinni til landsins fyrir einvígið. *Þjóðviljinn* gekk líka það langt að hrósa honum fyrir það hvernig hann svaraði áleitnum spurningum um andstæðing sinn.[10] *Þjóðviljanum* leist í byrjun vel á áskorandann en það breytist snögglega.

5.2. *Þjóðviljinn* í hart

Umfjöllun *Þjóðviljans* var mjög lituð af stjórnmálaástandinu og andúð á Bandaríkjunum. *Þjóðviljinn* sem málgang Alþýðubandalagsins hafði mest samband við sovéskar og austur-evrópskar fréttaveitur. Þegar samningaviðræður hörðnuðu, harðnaði afstaða *Þjóðviljans*. Þeir birtu mikið af fréttum af því sem var að gerast og tóku undantekningalaust afstöðu með Spassky og Sovétmönnum. Daginn eftir að Fischer kom fyrst til Íslands birti *Þjóðviljinn* frétt með fyrirsögninni „Belgrad ofar en Ísland!“[11] Þar kom fram að enn var Fischer á því að Belgrad væri betri kostur fyrir einvígið. Þetta virðist hafa komið *Þjóðviljanum* á óvart. Þann 8. febrúar birtu *Þjóðviljinn* viðtal við Fischer þar sem það kom skýrt fram að Fischer taldi einvígið litað pólitík og að peningar væri helsta ástæða þess að hann vildi tefla í Belgrad frekar en Reykjavík.[12]

[8] *Morgunblaðið* 3. ágúst 1972, bls. 2.
[9] Sem dæmi um það má nefna að danski stórmeistarinn Bent Larsen skrifaði fyrir *Morgunblaðið* meðan hann var á landinu sem og Dragoljub Janosevic og Harry Golumbek.
[10] *Þjóðviljinn* 4. febrúar 1972, bls. 1.
[11] *Þjóðviljinn* 5. febrúar 1972, bls. 12.
[12] *Þjóðviljinn* 8. febrúar 1972, bls. 5.

Þjóðviljinn hélt áfram á þessari braut. Þeir gáfu út aukablað um skák 2. júlí þar sem heil opna fór í að bera saman keppendurna tvo. Spassky var sýndur í jákvæðu ljósi sem fjölskyldumaður, skáksnillingur, spekingur og virðulegur maður í myndaröð þar sem sýnd er svipmynd hans. Fischer fékk hinsvegar ekki svo blíða umfjöllun. Það birtust tvær myndir af honum ein úr einvíginu við Petrosjan og ein þar sem hann er að hvæsa á blaðamenn og gefið í skyn að hann tali helst ekki við fréttamenn nema þá frá *Life* eða *Time*. Imprað er á því hve mikilvægu menningarlegu hlutverki Spassky gegnir og þeirri auknu ábyrgð sem hann telur sig hafa sem heimsmeistari. Um Fischer segir *Þjóðviljinn* að ekki sé skrifum á bætandi um „einþykkni hans og sérlundaða hegðun“ og að ekki einu sinni Hvíta Húsið hafi getað náð sambandi við hann. Það væri í raun erfiðara að fá hann í símann en forsætisráðherra Kína.[13]

Þegar einvígið virtist komið í öngstræti í byrjun júlí var *Þjóðviljinn* harðorður í garð Fischers. Blaðið sakaði hann um hugleysi og að setja peninga ofar skákinni.[14] Ekki var það heldur til að blíðka blaðamennina hvernig Fischer var búinn að fífla þá með sífelldum frestunum á komu sinni. Þegar hann loksins lét sjá sig á Íslandi voru viðbrögð *Þjóðviljans* þau að birta mynd af honum að troða sér inn í bíl á Keflavíkurflugvelli með fyrirsögninni „Fischer á flótta“ og til að auka á niðurlægingu Fischers tók *Þjóðviljinn* það fram að hann hafi verið umvafinn lögreglumönnum en Spassky farið um án nokkurrar fylgdar.[15] *Þjóðviljinn* notaði líka skákeinvígið til að gagnrýna *Morgunblaðið* og þá sérstaklega fyrir fylgispekt þess við Fischer sem vildi „kommersialsera“ skákina sem íþrótt og að verja kúgunaraðferðir Fischers gagnvart Skáksambandi Íslands. *Þjóðviljinn* túlkaði kröfur Fischers sem kúganir meðan *Morgunblaðið* kallaði það að vera samkvæmur sjálfum sér.[16] Tafirnar sem urðu á einvíginu fóru greinilega mjög fyrir brjóstið á *Þjóðviljanum* sem hikaði ekki við að birta upp úr sovéskum blöðum greinar um ótuktarskap og ódrenglyndi Fischers. Gott dæmi þar um er grein eftir alþjóðlegan skákdómara sem birtist í dagblaði í Moskvu þar sem höfundur gefur í skyn óeðlilega fylgispekt Dr. Euwe við Fischer og að hann hafi reynt að koma hluta af ábyrgðinni á frestun einvígisins yfir á Spassky. [17] Þann 15. ágúst birti *Þjóðviljinn* greinar úr fjölmörgum erlendum blöðum um það hvernig hegðun Fischers væri ábótavant. Þar eru talin upp afrek Fischers í sálfræðihernaðnum og því gert skóna að aðrir menn hefðu með svona hegðun afrekað það eitt að láta vísa sér á dyr.[18]

[13] *Þjóðviljinn* 2. júlí 1972, bls. 8–9.
[14] *Þjóðviljinn* 4. júlí 1972, bls. 1, og bls. 15.
[15] *Þjóðviljinn* 5. Júlí 1972, bls. 1.
[16] *Þjóðviljinn* 7. júlí 1972, bls. 4.
[17] *Þjóðviljinn* 5. júlí 1972, bls. 4.
[18] *Þjóðviljinn* 15. ágúst 1972, bls. 2.

Er fréttum af nýjum kröfum og skilmálum lauk og ekkert var eftir nema skákeinvígið sjálft breyttist tónn blaðsins og gagnrýnin varð vægari. En þegar kom að 16. skákinni og ásökunum Gellers reyndist *Þjóðviljinn* fremur þögull. Til marks um þýðu *Þjóðviljans* er umfjöllunin um einvígið eftir að Fischer var krýndur heimsmeistari. Þar er tekið fram hve mikill snillingur hann var við taflborðið en ekki án þess að minnast á það hve hegðun hans var ábótavant. [19]

Þjóðviljinn sveiflaðist þó lítið í skoðun sinni á Fischer. Að þeirra mati var hegðun hans óásættanleg og ekki hægt að réttlæta þær kröfur sem hann setti fram þrátt fyrir hæfni hans við skákborðið.

5.3. Fischer og hlutlausari fjölmiðlarnir

Tíminn og *Vísir* tóku ekki greinilega afstöðu með eða gegn Fischer. Eins og öðrum á Íslandi sárnaði þeim hegðun Fischer. Það sést kannski einna helst á því að *Vísir* birti 4. júlí frétt um þreyttan og ringlaðan Fischer nýlentan í DAS húsinu.[20] *Vísir* var þó ekki gagnrýnin á Fischer heldur aðallega á fylgdarmenn hans eins og Fred Cramer, sem sá um blaðamannafundi Bandaríkjamanna. Í leiðara *Vísis* 6. júlí var Cramer gagnrýndur fyrir að halda blaðamannafundi til þess eins að segja brandara. Í leiðaranum harmaði *Vísir* að skákmennirnir væru aðeins peð í stórveldadeilu sem einvígið stefndi í að verða, þar sem um leið og einn hnútur væri leystur væri annar kyrfilega bundin.[21]

Vísir líkt og *Morgunblaðið* fjallaði um mannlegu hliðar Fischers, sérstaklega hvernig ferð hans um íslenska náttúru eina nóttina sem hann gat ekki sofið hafði gert honum gott og hjálpað honum að ná upp styrk.[22] Þó reyndu þeir að sjá björtu hliðarnar á einvígisdeilunum og kröfum Fischers.

Vísir var eina blaðið sem birti frétt um að Sovétmenn væru að reyna að hafa áhrif á Fischer. Ásökun sem speglaðist nánast alveg í bréfi Gellers og merkilegt nokk *Vísir* kaus að birta sama dag og bréf Gellers. Þótt ásakanir þessar hafi borist þeim viku áður.[23] Ef ásakanir Gellers voru eins og úr James Bond mynd þá voru þessar beint úr mynd um Dýrlinginn. Bíl með diplómatanúmerum lagt í skjóli nætur bakvið Laugardalshöllina og grunsamlegir Rússar á vappi inn í skáksalnum og einn með risastóran kíki á fremsta bekk. Það er vissulega áhugavert að ekki birtist stafkrókur um þessar ásakanir á hendur Sovétmönnum annarstaðar en í

[19] *Þjóðviljinn* 3. september 1972, bls. 3.
[20] *Vísir* 4. júlí 1972, bls. 1.
[21] *Vísir* 6. Júlí 1972, bls. 6.
[22] *Vísir* 6. júlí 1972, bls. 16.
[23] *Vísir* 23. ágúst 1972, bls. 1.

Vísi, og má jafnvel ganga út frá því að þetta grein hafi verið sett inn í þeim eina tilgangi að selja fleiri blöð.

Umfjöllun *Tímans* var svipuð og hjá *Vísi*. Það var ekki tekin afstaða með öðrum hvorum keppandanum en *Tíminn* sló léttar á strengi en önnur blöð með rannsóknina á salnum og öll lætin þar í kring og greindi frá því að tvær flugur hefðu fundist í ljóskúplunum en ekki væri vitað um dánarorsök þeirra að svo stöddu.[24]

Í aðdraganda að komu Fischer til Íslands og þeim fjölmiðlasirkus þræddi *Tíminn* milli skers og báru í umfjöllun sinni. Hann lofaði hvorki né lastaði Fischer. Honum var greinilega ekki skemmt yfir kenjum áskorandans en reyndu þó að halda jafnvægi í umræðunni. Hvort hægt sé að tengja umfjöllun *Tímans* og hlutleysi hans í umfjöllun allri eitthvað við Guðmund G. sem var eins og áður segir áhrifamaður innan Framsóknarflokksins er erfitt að segja. Það er ekki ólíklegt að þeir hafi dregið úr gagnrýni sinni vegna tengsla við hann og stjórnarsamstarfi sínu við Alþýðubandalagið, því ekki voru Framsóknarmenn mjög hrifnir af Sovétríkjunum.

Alþýðublaðið spurði á baksíðu sinni þann 15. júlí hvort Fischer væri orðinn hræddur við að tefla við heimsmeistarann og væri því að gera sér upp „gerfiástæðu“ til smeygja sér undan einvíginu.[25] Á *Alþýðublaðinu* virtust menn ekki hafa mikið álit á Fischer. Þeir gagnrýndu hann harðlega fyrir kröfuhörku og í forsíðufrétt 2. júlí var sagt að koma Fischers til landsins væri orðin teygður brandari og enginn maður væri þá um stundir verr liðinn af Íslendingum. Í raun gaf *Alþýðublaðið Þjóðviljanum* lítið eftir þar sem Skáksambandinu var legið á hálsi fyrir að láta geðlækni ekki semja við Fischer því ekki væri hægt að semja við hann annars. Fischer var kallaður fáráðlingur og Íslendingum til lítils að taka þátt í þessari refskák sem undirbúningurinn var.[26] Fischer var vissulega ekki vinsæll í júní og júlí en frammistaða hans við taflborðið átti eftir að bæta álit almennings á honum þótt álit *Alþýðublaðsins* breyttist ekki mikið.

Fischer var sá sem fjölmiðlar sættust á að vera ósammála um og sá keppandi sem vakti mun sterkari viðbrögð blaðamanna og almennings. Hvað Spassky varðar var því öfugt farið. Hann kom ekki eins og stormsveipur til landsins heldur eins og hlýr og ljúfur sumarblær.

[24] *Tíminn* 25. ágúst 1972, bls. 1.
[25] *Alþýðublaðið* 15. júlí 1972, bls. 12.
[26] *Alþýðublaðið* 2. júlí 1972, bls. 1.

6. Aukaleikari í einvíginu

Boris Spassky var eins ólíkur Bobby Fischer og hægt er að hugsa sér. Í *Skákeinvígi aldarinnar* lýsti Guðmundur Daníelsson honum eins og kvennagulli úr gömlu kvikmyndunum og að stúlkur hafi orðið máttlausar í hnjánum, fengið kökk í hálsinn, hjartslátt og blóðþrýsting þegar hann var nálægt.[1] Guðmundur sparaði ekki stóru orðin um Spassky auk áhrifanna sem hann hafði á kvenfólk landsins sagði hann að það færi ekki á milli mála að Spassky væri mesti diplómat sem Rússar hefðu eignast um áratugaskeið.[2] En það er nokkuð ljóst að Guðmundur Daníelsson var mikill stuðningsmaður Spasskys í einvíginu. Skoðanir fjölmiðla voru þó ekki svo ólíkar skoðunum Guðmundar þótt þeir gerðu minna úr að lýsa áhrifum hans á reykvískt kvenfólk.

6. 1. Spassky í *Morgunblaðinu*

Morgunblaðið tók fagnandi á móti Spassky. Þrátt fyrir að vera mjög einhuga í stuðningi sínum við Fischer var greinilegt að *Morgunblaðið* dáðist af Spassky og lítillætinu og rónni sem einkenndi hann. Hann var ekki forsíðuefni eins og Fischer, daginn fyrir komu Spasskys var greint frá því á innsíðum blaðsins í undirfyrirsögn fréttar hve vel gengi að selja miða á einvígið.[3] Þegar hann kom til landsins þann 21. júní var *Morgunblaðið* með hálfa síðu um komuna. Blaðamenn reyndu að veiða upp úr honum einhverjar athugasemdir um Fischer og yfirlýsingu áskorandans um að allir sem fylgdust með skák vissu að hann væri búinn að vera hinn raunverulegi heimsmeistari undanfarin tíu ár. Spassky svaraði því einfaldlega til á gamansömum nótum að ef til vill vissi Fischer þetta bara einfaldlega betur en hann sjálfur. Spassky svaraði á áhugaverðan hátt spurningunni um hvort einvígið myndi hafa á sér pólitískt yfirbragð: „Sjáið til. Ég er atvinnuskákmaður og ég vil líta á skák sem list öðru fremur.“[4] Á fyrsta blaðamannafundinum tók hann það líka fram þegar spurt var um pólitískt vægi einvígisins að hann væri ekki flokksbundin í Kommúnistaflokkinum.[5] *Morgunblaðið* sýndi Spassky sem hættulausan og vingjarnlegan mann. Hann brosti á þeim myndum sem voru birtar af honum og á blaðamannafundinum var hann einkar brosmildur, léttur og vinalegur, ekki beint rússneski björninn.

[1] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 126.
[2] Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi aldarinnar*, bls. 200.
[3] *Morgunblaðið* 20. júní 1972, bls. 2.
[4] *Morgunblaðið* 22. júní 1972, bls. 3.
[5] *Morgunblaðið* 27. júní 1972, bls. 15.

Fjarvera Fischers var aðalfréttin síðustu vikurnar fyrir einvígið. Spassky komst lítið í fréttirnar, í þau skipti sem minnst var á hann var það yfirleitt í hugleiðingum um hvort að fjarvera áskorandans myndi hafa einhver áhrif á taflmennsku Spasskys.

Heimsmeistarinn var lítið í sviðsljósinu á meðan deilt var við Fischer. Það var eiginlega ekki fyrr en Fischer var kominn til landsins og hefja átti keppni sem Spassky komst í fréttirnar og var það þá fyrir bréf sitt þar sem hann harðlega gagnrýndi dr. Euwe og FIDE fyrir að fresta fyrstu skákinni.[6] Það er nú til marks um það hve litla athygli Spassky vakti að sigur í fyrstu skák var ekki sigur hjá honum heldur tap hjá Fischer og það að Spassky skildi vinna var jafnáhugavert og sú staðreynd að Fischer var að fá nýjan bíl.[7]

Hann var meira að segja í aukahlutverki þegar kom að eina kærumáli Sovétmanna allt einvígið. Efrim Geller aðstoðarmaður hans bar fram kæruna og var hún alfarið á hans nafni. Þótt síðar meir hafi Spassky haldið fast í það að eitthvað utanaðkomandi hafi haft áhrif á framistöðu hans í einvíginu.[8]

6.2. *Þjóðviljinn* ljúfi

Þjóðviljinn fjallaði meira og ítarlegar um Spassky en önnur blöð. *Þjóðviljinn* var eins og önnur blöð á blaðamannafundi Spasskys 26. júní og gerði fundinum skil með heilsíðufrétt. Þvert yfir síðuna eru fimm andlitsmyndir af Spassky frá fundinum þar sem hann er broshýr og afslappaður að sjá, með fyrirsögnina „eftirlætismannætan mín, en það var það nafn sem sovéska þjálfaraliðið valdi Fischer.“[9]

Þjóðviljanum var mikið í mun að sýna fram á hve alþýðlegur heimsmeistarinn væri og er góður vitnisburður þar um hvernig greint var frá því að Spassky hefði fengið hús í Garðabæ til umráða meðan á dvöl hans stæði. Í blaðinu var skýrt tekið fram að það var að kröfu Fischer sem hús voru fundin handa keppendunum. *Þjóðviljinn* tók það líka fram að ekki væri ástæða til að halda annað en að Spassky myndi sætta sig fullkomlega við húsið eins og allt annað á Íslandi.[10]

Þegar keppendurnir voru bornir saman var himinn og haf á milli. Áður hefur verið greint frá því hvernig *Þjóðviljinn* sýndi Fischer kvartandi á einni mynd og djúpt hugsi að tefla á annarri. Umfjöllunin Spassky var allt öðru vísi. Hann var sýndur sem mikill fjölskyldumaður, ein mynd var af honum með fjölskyldu sinni. Önnur mynd sýnir Vasilí, son hans, sofandi

[6] *Morgunblaðið* 4. júlí 1972, bls. 3.
[7] *Morgunblaðið* 13. júlí 1972, bls. 32 og bls. 21.
[8] David Edmonds: *Bobby Fischer goes to war*, Bls, 263.
[9] *Þjóðviljinn* 27. Júní 1972, bls. 8.
[10] *Þjóðviljinn* 30. júní 1972, bls. 1.

með hrók við hliðina á sér í stað bangsa. Hinar þrjár myndirnar sýna fram á hið öflug skáklíf í Sovétríkjunum. Ein myndin er af honum að halda fyrirlestur í skákklúbbi í Moskvu, önnur af heimsmeistaraeinvígi hans við Petrosjan 1969 og sú þriðja af fólki úti á götu að fara yfir möguleika í skák úr heimsmeistaraeinvíginu 1969.[11] Á þessari einu síðu er búið að búa til ímynd af hinum kærleiksríka fjölskyldumanni, einbeitta skákmanni og fræðimanninum Spassky til mótvægis við ójafnvægið sem Fischer sýnir, kvartanirnar og einsemdina.

Þann 15. ágúst birti *Þjóðviljinn* langa grein þar sem talin voru upp erlend blöð sem hömuðust við að níða skóinn af Fischer fyrir hegðun hans í einvíginu. Þar eru lokaorðin þó þau að öllum beri saman um að „óaðfinnanleg hegðun Spasskis sé fullkominn andstæða við athafnir Fischers.“ Og að „hin hógværi og smekkvísi heimsmeistari hafi alltaf haldið ró sinni og afborið öll uppátæki Fischers.“[12]

En meira að segja hjá *Þjóðviljanum* féll Spassky í skuggann af kröfum og hegðun Fischers. Eftir að Fischer náði yfirhöndinni í einvíginu minnkaði umfjöllun um Spassky og umfjöllunin um einvígið sjálft. Eftir að einvíginu lauk gerði Þjóðviljinn það upp og þrátt fyrir að hrósa Fischer fyrir sigurinn er mikið hægt að lesa úr myndvalinu með greininni. Fischer situr íhugull við taflborð en Spassky jakkafataklæddur á gangi í Reykjavík horfir fram á við og upp á við, eins og maður sem losnað hefur við þunga byrði.[13] Tæpri viku eftir að einvíginu lauk birti *Þjóðviljinn* brot úr viðtali við Spassky sem júgóslavneskur blaðamaður tók við hann eftir einvígið þar sem Spassky sagði að þungu fargi hafi verið létt af sér við tapið og að honum liði betur eftir tapið gegn Fischer en eftir sigurinn þrem árum á undan.[14]

6.3. Spassky í öðrum blöðum

Fréttir um Spassky voru ekki sérlega vel til þess fallnar að selja blöð svo til að gera þær áhugaverðari varð að beita hugmyndafluginu við fyrirsagnasamningu. *Vísir* reyndi það og gaf það í skyn að Spassky ætlaði sér að skara meiri peninga að sinni köku með því að segja upp einum af þjálfurum sínum. Haft er eftir Spassky að slitnað hafi upp úr samstarfi hans og Bondarevski þjálfara af tveim ástæðum annars vegar hafi það verið fjárhagslegs eðlis og hinsvegar hafi þeir ekki átt skap saman. *Vísir* gerði sér þó mat úr því sem þeir kölluðu almannaróm í Moskvu um að Spassky hafi smitast af peningagræðgi Fischers.[15]

[11] *Þjóðviljinn* 2. júlí 1972, bls. 8.
[12] *Þjóðviljinn* 15. ágúst 1972, bls. 2.
[13] *Þjóðviljinn* 3. september 1972, bls. 3.
[14] *Þjóðviljinn* 6. september 1972, bls. 3.
[15] *Vísir* 21. júní 1972, bls. 20.

Þegar *Vísir* birti kynningu sína á keppendunum tveim var ekkert verið að flagga myndum eða tilfinningum blaðamanna gagnvart öðrum hvorum keppandanum. Berar staðreyndir um ferla þeirra og hvernig þeir komust á toppinn í skákheiminum. Meðfylgjandi voru spár sex manna þar sem aðeins tveir spáðu því að Spassky ynni.[16] Það virðist sem það hafi verið samdóma álit flestra að þótt Spassky væri mun viðkunnanlegri ætti hann ekki möguleika á að sigra, það birtist á ný í áliti 15 stórmeistara hjá *Vísi*.[17]

Vísir eins og hin blöðin einbeitti sér mjög að Fischer en Spassky fékk þó alltaf einhverja dálksentimetra. Þegar hann tók sitt fyrra veikindaleyfi fjallaði *Vísir* vel um það hve slappur á taugum hann hefði virkað þótt ekki hafi sést hvort hann væri kvefaður.[18] *Vísir* birti líka grein eftir stórmeistarann Dimitrjie Bjelica þar sem hann sagði frá kynnum sínum af heimsmeistaranum og þar sem vitnað var í Spassky sjálfan þar sem hann segir skoðun sína á heimsmeistaraeinvígunum:

> þessi einvígi. Sérstaklega þau stuttu (10 skáka.) Ég hef alltaf verið mótfallinn þeim. Ef ég á eftir að ganga i gegnum þennan hreinsunareld einu sinni enn enda ég feril minn á spítala![19]

Alþýðublaðið og *Tíminn* höfðu svipaðar skoðanir gagnvart Spassky. Hann var aukaleikari í einvíginu. Ekki jafn sérlundaður og áskorandinn og því ekki sama fréttaefnið. Bæði blöðin birtu fréttir af komu hans á forsíðu blaða sinni þann 22. júní, og hjá báðum blöðum kom það sama fram. Hann var aðlaðandi, kurteis og vingjarnlegur.[20] Annars var það eins og annarsstaðar. Fischer var sá sem seldi miðana á einvígið, og blöðin.

Tíminn tók fagnandi á móti eiginkonu Spasskys henni Larissu þegar hún kom til að styðja við bakið á honum í síðustu skákunum. Henni var lýst sem alúðlegri og henni og fylgdarkonum hennar þrem, eiginkonum aðstoðarmannana Nei, Krogius og Geller, var lýst sem látlausum. Tíminn tók það fram að þær unnu allar utan heimils sem verkfræðingur, stærðfræðingur, ballettdansari og læknir.[21]

Íslensku dagblöðin voru öll fremur hrifin af Spassky. Þau sáu ekkert honum til vansa en hann greip þau ekki eins og hegðun Fischers. Heimsmeistarinn var alltaf í öðru sæti á dagblaðasíðum landsins.

[16] *Vísir* 1. júlí 1972, bls. 8.
[17] *Vísir* 24. júní 1972, bls. 4.
[18] *Vísir* 31. júlí 1972, bls. 1.
[19] *Vísir* 2. ágúst 1972, bls. 7.
[20] *Vísir* 22. júní 1972, bls. 16 og *Tíminn* 22. júní 1972, bls. 1.
[21] *Tíminn* 12. ágúst 1972, bls. 1.

7. Samantekt og niðurstöður

Skákeinvígið einskorðaðist ekki aðeins við taflborðið. Strax frá byrjun bar einvígið keim af baráttu stórveldanna. Þótt það hafi haft lítið pólitískt vægi á Íslandi, var það einna helst *Þjóðviljinn* og Heimdellingar sem túlkuðu einvígið útfrá gjörðum stórveldanna.

Erfiðlega gekk að ná samkomulagi um minnstu hluti og fyrri hluta ársins 1972 snérust fréttir af einvíginu aðallega um deilur og erfiðleika við skipulagningu þess. Þegar loks náðist samkomulag um skipulag einvígsins þurfti að eiga við síbreytilegar kröfur Fischers. Hegðun hans var ábótavant og sífelldar kröfur hans voru sem þyrnir í augum margra. Peningagræðgi einkenndi ákvarðanatöku hans og gerði lítið til að vinna honum fylgi. Spassky á hinn bóginn kom vel fyrir og vann sér inn aðdáun og lof fólks fyrir þolinmæði, góðlyndi og jafnaðargeð við þær erfiðu aðstæður sem hann var í. Fischer vann skákirnar og varð heimsmeistari, titill sem sovéskir skákmenn höfðu einokað frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.[1] Þrátt fyrir skiptar skoðanir fólks á keppendum var spennan fyrir einvíginu mikil og þegar þeir settust við taflborðið gleymdu áhorfendur deilum og erfiðleikum við undirbúning einvígisins.

Þungamiðjan í þessari umfjöllun hefur verið íslensku dagblöðin og hvernig þau röðuðu sér með keppendum. Það er nokkuð ljóst að blöðin virtu línur og stefnur þeirra flokka sem þau tilheyrðu.

Umfjöllun *Morgunblaðsins* var frá byrjun mjög hliðholl Fischer. Þó er ekki hægt að segja að það hafi þýtt að *Morgunblaðið* hafi tekið afstöðu gegn Spassky. Hann var leikari í aukahlutverki en Bobby Fischer stjarnan. Spassky fékk í raun aldrei þá umfjöllun sem heimsmeistari hefði með réttu átt að fá.

Morgunblaðið fjallaði blaða mest um einvígið. Allar kröfur Fischers voru sanngjarnar að þeirra mati, hvort sem það var um tekjuskiptingu, lýsingu eða þegar Fischer fór fram á að teflt yrði í bakherbergi Laugardalshallarinnar. Þeir voru dyggir stuðningsmenn Fischers og tóku afstöðu með honum í öllum deilumálum, þeir vörðu hegðun hans þegar hún var óverjandi, hvort sem það var dónaskapur gagnvart skipuleggjendum eða óstundvís hans. þeir höfðu greiðan aðgang að stórmeisturum til að rýna í skákirnar. *Morgunblaðið* fjallaði blaða mest um einvígið og er hægt að ályktа svo að mikil umfjöllun þeirra um Fischer og einvígið hafi haft mikil áhrif á það að álit fólks á honum batnaði eftir því sem leið á einvígið. Morgunblaðið var

[1] Síðasti heimsmeistarinn sem ekki var frá Sovétríkjunum var dr. Max Euwe sem var meistari frá 1945–1948 og frá því að Fischer var heimsmeistari og til dagsins í dag hefur aðeins einn annar skákmaður sem ekki tilheyrði gömlu Sovétríkjunum eða Austurblokkinni verði heimsmeistari en það er núverandi heimsmeistari Viswanathan Anand frá Indlandi

eitt blaða sem tók það skýrt fram að einvígið væri ekki hægt að setja í samhengi við alþjóðastjórnmál, sem er kúnstugt í ljósi hve harða afstöðu þeir tóku með hinum bandaríska keppanda.[2] En að einvíginu loknu var það dómur blaðsins að tap Spasskys hefði ekki verið tap fyrir menningarlíf Sovétríkjanna og þá væntanlega ekki heldur sigur fyrir bandaríska menningu.

Vísismenn voru ekki jafnhrifnir af Fischer og starfsfélagar þeirra á *Morgunblaðinu* en tóku þó ekki jafn djúp í árinni og vinstriblöðin. Þegar umfjöllun blaðsins um Spassky annarsvegar og Fischer hinsvegar er borin saman kemur berlega í ljós að áskorandinn á vinninginn þegar kemur að fjölda dálksentimetra. Þetta er einfaldlega hægt að skrifa á persónurnar sjálfar en ekki á flokks- eða stórpólitískan áróður. Spassky var rólegur, yfirvegaður menntamaður og framkoma hans bar öll keim af því á meðan að Fischer var óútreiknanlegur bæði við skákborðið og í allri framkomu. Þetta snertir því ekki flokkspólitískar línur á neinn hátt. Afstaða *Vísis* er í þessu sambandi sú sama og *Morgunblaðsins* og athafnir sovéska hópsins ekki spennandi ef frá er talið gegnumlýsingin á Laugardalshöllinni. Vísir var sér á báti þegar kom að fréttaflutningi af kvörtunum sovéska hópsins og birti eitt blaða ásakanir á hendur Sovétmönnum þegar kom að gegnumlýsingunni.[3]

Þegar umfjöllun *Vísis* og *Morgunblaðsins* er borin saman kemur skýrt fram að Vísismenn eru ekki jafn umburðarlyndir og blaðamenn *Morgunblaðsins* gagnvart persónu Fischers þar má benda á harða gagnrýni á kröfur Fischers og hegðun hans síðustu mánuðina fyrir einvígið.

Vísir átti þó ekki mikið sameiginlegt með vinstriblöðunum annað en að umfjöllun þess minkaði eftir því sem leið á einvígið og einsýnt var um úrslitin. Blaðið tók enga afstöðu til stórpólitísks vægis einvígisins en ætla má að þar á bæ hafi þeir haft svipaða skoðun og hjá *Morgunblaðinu,* að einvígið þýddi ekki ósigur eða sigur fyrir stórveldin sjálf, aðeins fyrir skáksnillingana tvo.

Þjóðviljinn tók eitt blaða harða afstöðu gegn Fischer og sá lítið að því að Fischer yrði dæmdur úr leik, þótt það gæti kostað Íslendinga einvígið. *Þjóðviljinn* setti eitt blaða einvígið í kaldastríðs búning. Þeir tók afdráttarlausa afstöðu með heimsmeistaranum og jafnvel harðari gegn áskorandanum. Þjóðviljinn deildi einn blaða á Heimdall fyrir að setja einvígið í samband við grimmd og gerræðislega stjórnarhætti í Sovétríkjunum og sagði að nær væri að líta á grimmdar-verk Bandaríkjanna.

Kröfur Fischers fóru fyrir brjóstið á *Þjóðviljanum* og hegðun hans að þeirra mati fyrir neðan allar hellur. Spassky á hin bóginn var að mati *Þjóðviljans* til fyrirmyndar í allri hegðun

[2] *Morgunblaðið* 2. september 1972, bls. 14.
[3] *Vísir* 23. ágúst 1972, bls. 1.

og sýndi fádæma íþróttamennsku, bæði gagnvart Fischer þegar beðið var eftir komu áskorandans til landsins og gagnvart ágangi blaðamanna. Hjá *Þjóðviljanum* var bara einn mögulegur sigurvegari í ímyndarstríðinu og einn maður sem hagaði sér eins og heimsmeistara sæmdi þótt afstaða blaðsins gangvart Fischer hafi mildast undir lokinn og viðurkenndi *Þjóðviljinn* að hann væri mjög hæfur heimsmeistari þrátt fyrir annmarka á hegðun. Þrátt fyrir dyggan stuðning *Þjóðviljans* við Spassky var hann alltaf í öðru sæti þegar kom að umfjöllun um einvígið, hann var alltaf í aukahlutverki.

Umfjöllun *Alþýðublaðsins* var svipuð og *Þjóðviljans*, þar á bæ tóku menn þó ekki jafn greinilega afstöðu gegn Fischer. Þrátt fyrir að hegðun Fischers hafi farið fyrir brjóstið á þeim og kröfur hans þótt ósanngjarnar voru þeir ekki tilbúnir að ganga jafn langt og *Þjóðviljinn* í að fordæma hann. Það sem einkenndi vinstri blöðin var að umfjöllun af einvíginu minnkaði eftir því sem leið á einvígið, í stað frétta úr Laugardalshöllinni fóru fréttaskýringar að einblína á gang skákanna og lítið utan þess var ritað um síðustu skákirnar.

Heimsmeistarinn var veggjalús í allri einvígisumfjöllun dagblaðana á Íslandi, hann komst ekki undan gríðarstórum skugga Fischers. Þrátt fyrir að blöðin röðuðust nokkuð einfaldlega eftir flokkslínum var Spassky alltaf í aukahlutverki. Hann komst varla í aðalhlutverkið hjá *Þjóðviljanum* sem þó var sá miðill sem skýrasta afstöðu tók með honum. Ef það hefur verið ætlun Fischers með hegðun sinni í aðdraganda einvígisins að draga vígtennurnar úr Spassky og þeim sem fylgdu honum að málum tókst það fullkomlega. Hann stjórnaði gangi einvígisins og að því er virðist líka umfjöllun um það á Íslandi. Í tæpan aldarfjórðung, frá 1948, höfðu skákmenn frá austurblokkinni verið áskrifendur að heimsmeistaratitlinum í skák. Þeta breyttist sumarið 1972 í Reykjavík þegar Fischer var krýndur heimsmeistari í skák. Fréttaflutningur af einvíginu snérist þó ekki um þessi tímamót, miklu fremur um kröfur og sérlundaða framkomu nýja heimsmeistarans.

Heimildir:

Vefheimildir:

Heimasíða RJF hópsins [http://www.leit.is/servefir/RJF/]. Síðast skoðuð 16. september 2009.

Opinber heimasíða Ólympíuleikanna: [http://www.olympic.org/uk/games/past/index_-uk.asp?OLGT=1&OLGY=1972] síðast skoðuð 24. september 2009.

Skák–vefur fyrir áhugafólk [http://skak.freeyellow.com/heimsmeistarar.htm]. síðast skoðuð 18. september 2009.

Sportshistory.us [http://www.sportshistory.us/1972.html] Síðast skoðað 24. september 2009.

Blöð:

Alþýðublaðið, 3. Janúar 1972–5. september 1972.

Morgunblaðið, 4. janúar 1972–5. september 1972.

Tíminn, 4. janúar 1972–5. september 1972.

Vísir, 3. janúar 1972–5. september 1972.

Þjóðviljinn, 7. janúar 1972–7. október 1972.

Aðrar prentaðar heimildir:

Alexander, C.H.O´D: *Fischer V. Spassky*. Derek Birdhall ritstjóri. New York, 1972.

Caute, David: *The dancer defects. The struggle for cultural supremacy during the cold war.* New York, 2003.

Edmonds, David og Eidinow, John: *Bobby Fischer goes to war. How the Soviets lost the most extraordinary chess match of all times.* New York, 2004.

Euwe, Max. *Bobby Fischer and his Predecessors in the world chess championship.* London, 1976.

Freysteinn Jóhannsson og Friðrik Ólafsson: *Fischer gegn Spassky*. Reykjavík, 1973.

Guðjón Friðriksson: N*ýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík, 2000.

Guðmundur Daníelsson: *Skákeinvígi Aldarinnar. Í réttu ljósi*. Reykjavík, 1972.

Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. Öld*. Reykjavík, 2003.

Illugi Jökulsson: *Ísland í aldanna rás. 1951–1975. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigrún Harðardóttir ritstjóri. Reykjavík, 2001

Leifur Reynisson: „Ímyndunaraflið til valda! Barátta ´68-kynslóðarinar fyrir betri heimi.“ *Sagnir. Tímarit um söguleg efni.* 19:1 (1998). bls. 60–69.

Rósa Magnúsdóttir: „Menningarstríð í uppsiglingu. Stofnun og upphafsár vináttufélaga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á Ísland.“ *Ný-Saga.* 12:1 (2000). bls. 29–40.

Valur Ingimundarson: *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945–1960*. Reykjavík, 1996.

Valur Ingimundarson: „Post-Cold war historiography in Iceland.“ *The Cold war and the nordic countries. Historiography at a crossroads.* Thorsten B. Olsen ritsýrði. 2004. bls. 83–96.

Valur Ingimundarson: *Uppgjör við umheiminn. Íslensk þjóðernishyggja, vestrænt samstarf og landhelgisdeilan*. Reykjavík, 2001.

Þráinn Guðmundsson: *Skáksamband Íslands í 70 ár. 1925–1990.* I. Reykjavík, 1996.